

2. gr.

Útsending á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skal lokið eigi síðar en einni klukkustund eftir lokunartíma sölubúðanna, verkstæðanna eða skrifstofanna, og daginn fyrir almennan fridag eigi síðar en tveim klukkustundum eftir lokunartíma.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 60, 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um útflutning á saltsild.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum, útgefnum í dag, sbr. bráðabirgðalög 31. júlí 1934, og með skirskotun til auglýsingar ráðuneytisins, dags 31. f. m., og tilkynningar, dags. 3. þ. m., sem og reglugerðar 8. þ. m., um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsild, auglýsist hér með hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni, að ríkistjórnin hefir ákveðið, að fyrirmæli framangreindra laga, auglýsinga og reglugerðar um léttverkaða saltsild, taki einnig til allrar tálknatekinnar og slógdreginnar saltsildar, þó hún sé söltuð meira en nemur 22 kg. salts í 120 lítra tunnu eða tilsvareandi í minna ílát.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Lánssjóð Bændafélagsins Vonin“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 18. ágúst 1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Lánssjóð Bændafélagsins Vonin.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Lánssjóður Bændafélagsins Vonin“.

2. gr.

Sjóðurinn er til orðinn á þann hátt, að árlegur tekjuafgangur Bændafélagsins Vonin, sem stofnað var 4. marz 1894, hefir gengið til sjóðmyndunarinnar.

18. ágúst **96** Er sú upphæð nú kr. 1842.60 — átján hundruð fjörutíu og tvær krónur og sextíu aurar —. Skal svo og verða, að árlegur tekjuafgangur félagsins ásamt gjöfum og áheimum, sem sjóðnum kynni að áskotnast, ganga til eflingar honum, auk árlegra vaxta.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja félagsmenn með lánum:

1. Til búnaðarframkvæmda.
2. Til eflingar sjávarútvegi.
3. Ungu fólki til menntunar.

Lán þessi skulu veitt eftir þeim útlánsreglum, sem aðalfundur félagsins setur fyrir sjóðinn.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í umsjá Bændafélagsins Vonin. Reikningsár hans sé almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af tveimur mönnum kjörnum af aðalfundi félagsins.

Það af fé sjóðsins, sem ekki er í útlánum, skal ávaxta þar sem hentast þykir, að öðru jöfnu þó í Sparisjóði Önunarfjarðar, á meðan ekki er kominn tryggur sparisjóður innan Mosvallahrepps.

5. gr.

Fækki meðlimum Bændafélagsins Vonin, svo að ekki verði eftir 10, skal það teljast hætt störfum, og skal þá hreppsnefnd Mosvallahrepps taka sjóðinn í sína umsjá og verja til styrktar hreppsþúum á sama hátt og að framan greinir.

26. janúar 1934.

Hólmgeir Jensson
(formaður).

Stefán Pálsson
(ritari).

Guðmundur Bjarnason
(féhirðir).

97

27. ágúst

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiði í landhelgi á svæðinu frá Gerpisflös
að Vattarnestanga í Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevöð), til fiskveiða í landhelgi fyrir innan línu frá Vattarnestanga til Gerpisflasar á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember 1934. Bann þetta nær jafnt